



**Nefndasvið Alþingis**  
**Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis**

**Reykjavík, 9. mars 2023**

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum á sviði íþrótta- og æskulýðsstarf (hlutverk samskiptaráðgjafa, öflun upplýsinga o.fl., 597. mál**

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) fagnar framkomnu frumvarpi um breytingu á ofangreindum lögum.

Embætti samskiptaráðgjafa er nýtt embætti og því eðlilegt að uppfæra þurfi lög um samskiptaráðgjafa til að laga þau betur að verkefnum embættisins og þeim áskorunum sem embættið hefur mætt í úrlausn mála. Einnig til að skýra og þróa starf og hlutverk samskiptaráðgjafa, byggt á þeirri reynslu sem embættið hefur hlotið frá því að það var sett á laggirnar.

Embætti samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs er afar mikilvægt og þarf ekki annað en líta til skýrslu um fjölda mála og atvika sem tilkynnt hafa verið til embættisins frá stofnun þess til að sjá mikilvægi starfsins sem unnið er hjá embættinu.

Með kveðju,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

  
Andri Stefánsson  
framkvæmdastjóri

